

Hverfisnefndarfundur Oddeyrar þann 23. janúar 2008

35.fundur

Fundinn sóttu Auður, Steinþór, Ingibjörg, Hildur, Hjalti og Elli

1. Bryggjumál rædd. Bent var á að aðgengi bæjarbúa að bryggjum og ströndum væri orðið mjög takmarkað og að aðkoma í bæinn á bát væri orðin nánast útilokuð og þjónusta við þá mjög léleg. Fundarmeðlimir voru sammála um að auka þyrfti hafnaraðgengi bæjarbúa þar sem höfnin væri eitt af karaktereinkennum bæjarins.
2. Óskir voru settar fram um að auka gönguleiðum og í því samhengi var strandlengjan meðfram Drottningarbrautinni sem og leiðin milli Glerártorgs og miðbæjarins sérstaklega nefnd.
3. Enn og aftur var nauðsyn hringtorgs við gatnamót Grænugötu og Glerárgötu undirstrikuð. Eins kom til tals nauðsyn þess að laga hornið við Greifann. Það sem er nauðsynlegast í þeim efnum er að umferðinni þaðan sé ekki beint inn í hverfið.
4. Varðveislugildu eyrarinnar sem eitt af elstu hverfum bæjarins voru rædd og að hvaða leyti bærinn gæti tekið þátt í uppbyggingu hverfisins. Óskir voru settar fram um að bærinn tæki aukinn þátt í að kaupa eignir og lóðir á eyrinni sem þarfnast viðhalds og auki fé til uppgangs hverfisins á sambærilegan hátt og gert hefur verið í innbænum. Eins er vöntun á stærri eignum á eyrinni sem væri t.d hægt að breyta með breyttu deiliskipulagi.
5. Að lokum voru settar fram hugmyndir að málstofum fyrir lýðræðisdaginn sem á að vera haldinn 12. apríl. Tillögurnar voru eins og hér segir;
 - Íbúalýðræði – til hvers?
 - Aukið hafnaraðgengi bæjarbúa – standa vörð um bryggjumenningu og strandmenningu bæjarins
 - Auka gönguleiðum/grænn trefill
 - Umhverfisvernd
 - Skipulag gömlu hverfanna
 - Sældarbær
 - Stærð bæjarins – í hvernig bæ viljum við búa í.

Fundi var slitið kl. 18:10